

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 7. júní kl. 10:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 731. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Birkir Ingibjartsson, Margrét Þormar og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

- Baldursgata 3, Hækkun húss** (01.185.206) Mál nr. BN056201
Skjalnr. 11381
Victor Pétur Ólafsson, Baldursgata 3, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að hækka mhl. 01 og mhl. 02 um eina hæð og stækka íbúðir sem fyrir eru á lóð nr. 3 við Baldursgötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. febrúar 2019, samþykki meðlóðarhafa og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Stækkun mhl. 01: 54,7 ferm., 130,2 rúmm. Stækkun mhl. 02: 39,4 ferm., 90,5 rúmm.
Samtals stækkun: 94,1 ferm., 220,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11, Bréf styrktarfélagsins Ás** Mál nr. US190142
Skjalnr. 11381
Á fundi skipulags- og samgönguráðs 15. maí 2019 var lagt fram bréf Styrktarfélagsins Ás dags. 26. apríl 2019 varðandi akleiðir og öryggi fólks á byggingartíma og til frambúðar. Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Kamsvegur 24, Viðbygging** (01.354.107) Mál nr. BN056239
Skjalnr. 11814
Viggó Þór Marteinnsson, Kamsvegur 24, 104 Reykjavík
Þórhildur Þórisdóttir, Kamsvegur 24, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu sem hýsa á vinnustofu og garðskála við vesturgafli bílskúrs á lóð nr. 24 við Kamsveg.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Kamsvegur 29, (fsp) skipting lóðar** (01.384) Mál nr. SN190348
Skjalnr. 14103
Hanna Jónsdóttir, Kamsvegur 29, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hönnu Jónsdóttur dags. 3. júní 2019 varðandi skiptingu lóðarinnar nr. 29 við Kamsveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

5. **Köllunarklettsvegur 3 og 5, (fsp)** (01.328) Mál nr. SN190326
uppbygging Skjalnr. 7615
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 24. maí 2019 varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til skammtímanota á lóð nr. 3 og 5 við Köllunarklettsveg, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. í apríl 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Austurv Thorvaldsens, Breyting á áður** (01.140.418) Mál nr. BN055922
samþykktu erindi Skjalnr. 8321
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 þannig að inngangar eru færðir, gluggum og hurðum jarðhæðar að Fógetagarði og Kirkjustræti er breytt, burðarvirki og innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð er breytt, innréttað "spa" í kjallara, kjallari undir Thorvaldsenstræti 2 er steiptur upp og klæddur steinskífum, gerð ný flóttaleið frá 7. hæð inn í stigahús á 4. hæð og gluggum að Vallarstræti er breytt í hóteli á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
7. **Brautarholt 6, 3. hæð - íbúðir** (01.241.204) Mál nr. BN055618
Skjalnr. 11547
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta 6 íbúðir og byggja svalir á norður- og suðurhlíð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 13. maí 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Kjartans Ottóssonar, formanns húsfélags Stúfholts 1, dags. 13. maí 2019 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. apríl 2019 til og með 30. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Gjald kr. 11.000
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
8. **Fossaleynir 19-23, (fsp) fara út fyrir** (02.468.1) Mál nr. SN190316
byggingarreit Skjalnr. 10428
611200-2770 Ó.Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Johnsonar dags. 22. maí 2019 um að fara lítillaga út fyrir byggingarreit í norðausturhorni lóðarinnar nr. 19-23 við Fossaleynir, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Johnsonar dags. 23. maí 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
9. **Salthamrar 1, (fsp) stækkun húss** Mál nr. SN190327

Ragnar Þór Ragnarsson, Salthamrar 1, 112 Reykjavík
581203-2090 Kollgáta ehf, Glerárgötu 28, 600 Akureyri

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Kollgátu ehf. dags. 24. maí 2019 ásamt bréfi dags. 24. maí 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 1 við Salthamra um 4,7 m. (23. fm.) til suðvesturs, samkvæmt uppdr. Kollgátu ehf. dags. 23. maí 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019 samþykkt.

10. **Tjarnarsel 2, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.930) Mál nr. SN190285
Skjalnr. 5373

550103-3970 Mission á Íslandi ehf, Þinghólsbraut 3, 200 Kópavogur
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 10. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Tjarnarsel sem felst í að heimilt verði að fjölga íbúðum um eina og stækka byggingarreit þannig að svalir rúmist innan reitsins. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Magnúsar Jenssonar dags. 7. maí 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019 samþykkt.

11. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás 11, (fsp)** (02.2) Mál nr. SN190352
Skjalnr. 7808

breyting á deiliskipulagi
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 4. júní 2019 um breytingu á deiliskipulagi Gufunes áfanga 1 vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfursbás sem felst m.a. í stækkun lóðar til suðurs, fjölgun íbúða úr 102 í ca 125, gera minni íbúðir en tilgreint er í gildandi skilmálum, byggðin verði 2-4 hæðir í stað 3-7 hæðir, lækkun á nýtingarhlutfalli úr 1.62 í 1.4 o.fl. samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf. ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

12. **Höfðabakki 3, staðsetning ökutækjaleigu** (04.070.0) Mál nr. SN190318
Skjalnr. 10639

540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 21. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Árna Jóns Árnasonar f.h. Ratio ehf. um að reka ökutækjaleigu að Höfðabakka 3. Sótt er um leyfi fyrir 119 ökutækjum í útleigu, eingöngu eru bifreiðar leigðar út í langtímaleigu, 24-60 mánaða og því ekki geymdar á starfsstöð nema að jafnaði um 5 ökutæki. Óskað er eftir endurskoðun á neikvæðri umsögn skipulagsfulltrúa þar sem ökutækjaleigan er með afnotarétt af lóð að Krókhálsi 7. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

3. **Vegbrekkur 43, framkvæmdaleyfi** (04.475.1) Mál nr. SN190300
Skjalnr. 14117

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 16. maí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu háspennustrengja frá A12 að Hólmsá. Einnig er lagt fram teikningasett Veitna ohf. dags. 13. maí 2019 og verklýsing Veitna ohf. dags. 24. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

Vísað til skrifstofu sviðstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi verður ekki gefið út fyrr en greitt hefur verið fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við gr. 5.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg 1231/2018.

14. **Bragagata 35, (fsp) niðurrif og uppbygging** (01.186.2) Mál nr. SN190309
Skjalnr. 10471

Kristjana Margr. Sigurðardóttir, Eiðismýri 8A, 170 Seltjarnarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjönu Margr. Sigurðardóttur dags. 20. maí 2019 ásamt bréfi dags. 15. maí 2019 um að rífa niður húsið á lóð nr. 35 við Bragagötu og byggja nýtt 3. hæða hús, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 11. apríl 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

15. **Friggjarbrunnur 23A, breyting á** (02.693.5) Mál nr. SN190313
deiliskipulagi Skjalnr. 14140

Freyr Gústavsson, Friggjarbrunnur 29, 113 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Freys Gústavsson dags. 21. maí 2019 ásamt beiðni íbúa og lóðarhafa við Friggjarbrunn 23-41 dags. 25. mars 2019 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23A við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að lóð verði skipt upp í annars vegar lóð sem tilheyrir Friggjarbrunni 23 og hins vegar borgarlandi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019 samþykkt.

16. **Hólmaslóð 6, (fsp) þaksvalir** (01.111.4) Mál nr. SN190346
Skjalnr. 14125

420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. júní 2019 ásamt bréfi dags. 4. júní 2019 um að nýta þakrými á húsinu á lóð nr. 6 við Hólmaslóð sem þaksvalir.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

17. **Hvassaleiti 54, (fsp) stækkun lóðar** Mál nr. SN190334
Skjalnr. 14144

Sigurður Vilhjálmsson, Hvassaleiti 54, 103 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Vilhjálmssonar dags. 28. maí 2019 ásamt greinargerð dags. 28. maí 2019 um stækkun lóðarinnar nr. 54 við Hvassaleiti, samkvæmt skissu ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

18. **Langholtsvegur 92, Kvistur - svalir** (01.430.004) Mál nr. BN056282
Skjalnr. 14057

Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Hverafold 40, 112 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera kvist og svalir sem flóttaleið frá þakrými sem áður var geymsla, en breyta á í íbúðarrými og baðherbergi í húsi nr. 92 við Langholtsveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. maí 2019. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

19. **Urðarbrunnur 32, breyting á deiliskipulagi** (05.054.6) Mál nr. SN190312
Skjalnr. 14015
Örn Helgason, Langagerði 120, 108 Reykjavík
Magnús Albert Jenson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Magnúsar Jensonar dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 32 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að innkeyrsla sunnanmegin á lóð færast norðanmegin, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jensonar dags. 20. maí 2019.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
20. **Urðarbrunnur 76-78, Parhús** (05.054.507) Mál nr. BN056286
Skjalnr. 14149
661118-1800 House ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða parhús með innbyggðum bílgeymslum úr krossnegldum tímureiningum, MHM, einangrað að utan og klætt lerki á lóð nr. 76-78 við Urðarbrunn. Erindi fylgir útreikningur á orkuramma dags. 27. maí 2019, evrópskt tæknisamþykki ETA-13/0799, vottorð v/gæðaeftirlits ISO 9001:2015, vottorð v/umhverfisstjórnunar ISO 14001:2015 og bréf hönnuðar ódagsett. Stærð, mhl. 01, A-rými: 178 ferm., 571,2 rúmm. B-rými: 9,8 ferm. Mhl. 02, A-rými: 177,8 ferm., 570,6 rúmm.
B-rými: 9,8 ferm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Flókagata 7, (fsp) bílskúr** Mál nr. SN190340
Skjalnr. 14143
Ágústa Guðmunda Guðrúnardóttir, Flókagata 7, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ágústu Guðmundu Guðrúnardóttur dags. 31. maí 2019 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 7 við Flókagötu.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Freyjugata 42, Svalir** (01.196.101) Mál nr. BN055936
Skjalnr. 13083
Elín Borg, Freyjugata 42, 101 Reykjavík
Benedikt Hjartarson, Freyjugata 42, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja stálsvalir á suðurhlíð 1. hæðar húss nr. 42 við Freyjugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda og sumra nággranna að Mímisvegi 8, Sjafnargötu 11, Freyjugötu 40, 44 og 46 auk umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. ágúst 2017. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
23. **Laugavegur 55, (fsp) setja svalir og svalahurð á 4. hæð** (01.173.0) Mál nr. SN190329
Skjalnr. 5965
681215-1230 L55 ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn L55 ehf. dags. 16. maí 2019 ásamt bréfi THG Arkitekta ehf. dags. 15. maí 2019 um að setja svalir og svalahurð út frá herbergi á 4. hæð hússins á lóð nr. 55 við Laugaveg. Einnig eru lagðir fram uppdrættir uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 4. apríl 2018 br. annars vegar 30. október 2018 og hins vegar 28. nóvember 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

24. **Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN180076
Skjalnr. 6940
681194-2749 Kanon arkitektur ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
440417-1240 Snorrhús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 3. júní 2019 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem athugasemdum er varða endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins og möguleg uppbyggingaráform á lóðunum nr. 54 og 60 við Snorrabraut er ekki svarað með fullnægjandi hætti.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
25. **Sunnuvegur 21, Breytingar - síkka glugga,** (01.385.113) Mál nr. BN056270
Skjalnr. 14148
dýpka svalir, nýjar hurðar
Elsa Björk Valsdóttir, Sunnuvegur 21, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að síkka glugga og bæta við og breikka hurðir á suður- og austurhlíð beggja hæða ásamt því að breikka svalir einbýlishúss á lóð nr. 21 við Sunnuveg.
Erindi fylgir burðarvirkisteikning af breytingu svala dags. 15. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Vallarhús 30-40, (fsp) fjölgun bílastæða** (02.842.3) Mál nr. SN190303
Skjalnr. 14136
Hanna Sóley Helgadóttir, Vallarhús 30, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Hönnu Sóleyjar Helgadóttur mótt. 16. maí 2019 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 30-40 við Vallarhús um eitt og breikka hvert bílastæði sem fyrir eru á lóðinni um 20 cm. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
27. **Borgartún 8-16A (Bríetartún 11), (fsp)** (01.220.1) Mál nr. SN190349
Skjalnr. 5902
rekstur gististaðar
580614-1320 Dekura slf., Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík
Lagður fram tölvupóstur Davíðs Vilmundarsonar f.h. Norðfjörð ehf. dags. 24. maí 2019 um rekstur gististaðar í flokki II að Bríetartúni 11 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Bólstaðarhlíð 5, (fsp) breyta glugga á** Mál nr. SN190347
jarðhæð í svalahurð Skjalnr. 14146
Davíð Kristófer Young, Bólstaðarhlíð 5, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Davíðs Kristófers Young dags. 24. maí 2019 ásamt bréfi dags. 21. maí 2019 um að breyta glugga á suðurhlíð jarðhæðar hússins á lóð nr. 5 við Bólstaðarhlíð sem felst í að síkka hann að hluta til að koma fyrir tvöfaldri svalahurð, samkvæmt uppdr. Stoð ehf.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Frostaskjól 61, (fsp) stækkun lóðar** (05.151) Mál nr. SN190249
Skjalnr. 14119
Björn Patrick Swift, Frostaskjól 61, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Björns Patrick Swift dags. 13. apríl 2019 ásamt greinargerð dags. 13. apríl 2019 um stækkun lóðarinnar nr. 61 við Frostaskjól um tvo metra til suðurs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2019 samþykkt.

30. **Laugavegur 107, Skilti - Leiðarkerfi Strætó** (01.240.002) Mál nr. BN056205
Skjalnr. 12842
500501-3160 Strætó bs, Pósthólf 9140, 129 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja upp upplýsingaskilti stærð 2,29m á hæð og 0,83m á breidd og er fyrir leiðakerfi strætó við Hlemm og verður staðsetning norðan megin við húsið á lóð nr. 107 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Erindi fylgja tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda. Jafnframt er erindi BN054931 dregið til baka. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
31. **Laugavegur 35, Skyndibitastaður** (01.172.117) Mál nr. BN056214
Skjalnr. 10704
710806-1360 Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. I tegund D í rými ? í húsi á lóð nr. 35 við Laugarveg. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019 samþykkt.
Jafnframt er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019 afturkölluð.
32. **Öldugata 7, (fsp) breyting á notkun kjallara** (01.136.4) Mál nr. SN190306
Skjalnr. 14138
Sigurlaug María Hreinsdóttir, Öldugata 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Sigurlaugar Maríu Hreinsdóttur og Kára Jóhanns Hreinssonar mótt. 16. maí 2019 ásamt bréfi dags. 14. maí 2019 um breytingu á notkun kjallara hússins á lóð nr. 7 við Öldugötu úr vinnustofu í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2019 samþykkt.
33. **Bauganes 3A, (fsp) setja kvist og svalir á húsið og breyta fyrirhuguðum bílskúr í vinnustofu** (01.672.0) Mál nr. SN190351
Skjalnr. 8103
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Holtsgata 33, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðrúnar R. Viðarsdóttur dags. 5. júní 2019 um að setja kvist á húsið á lóð nr. 3A við Bauganes, setja svalir ofan á geymslu með útgengi frá rishæð og tröppum niður í garð og að breyta fyrirhuguðum bílskúr í vinnustofu með salerni.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Hringbraut 24, (fsp) hækkun á þaki og setja kvisti** Mál nr. SN190328
Skjalnr. 14145
Hannes Hólmsteinn Gissurason, Hringbraut 24, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar dags. 27. maí 2019 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 24 við Hringbraut og setja tvo til þrjá kvisti á þakið.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

35. **Hringbraut 116, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.138.2) Mál nr. SN190335
Skjalnr. 12848
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
650117-1230 U22 ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 28. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 116 við Hringbraut sem felst í að breyta leyfilegum hámarksfjölda íbúða úr 70 íbúðir í 84 íbúðir, inn- og útkeyrsla verði frá Hringbraut, heimilt verði að svalir nái út fyrir byggingarreit/lóðamörk að Hringbraut, göngukvaðir í gegnum lóðina hnikast til og heimilt verði að setja lága hljóðveggi innan lóðar við Sólvallagötu, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 27. maí 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Nauthólsvegur 85, umsókn um framkvæmdaleyfi** (01.755.2) Mál nr. SN190320
Skjalnr. 14139
621199-2699 Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
661102-2090 Eignamyndun ehf, Naustabryggju 38, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 var lögð fram umsókn Háskólans í Reykjavík dags. 21. maí 2019 ásamt greinargerð ódags. um framkvæmdaleyfi sem felst í að mengaður jarðvegur á lóð nr. 85 við Nauthólsveg er fjarlægður. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2019.
Vísad til skrifstofu sviðstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að framkvæmdaleyfi verður ekki gefið út fyrr en greitt hefur verið fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við gr. 5.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg 1231/2018.
37. **Vesturgata 6-10A, breyting á deiliskipulagi** (01.132.1) Mál nr. SN190333
Skjalnr. 7977
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
630785-0309 Kirkjuhvoll sf, Pósthólf 1100, 121 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6-10A við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir svölum á austurenda vesturgötu 6-8 og endurbýggja svalir með tröppum á Vesturgötu 10 sem teknar voru niður 2006 vegna framkvæmda. Heimilt er að gera ráð fyrir tveimur bílastæðum við austurenda Vesturgötu 6 og einu bílastæði við norðurenda Vesturgötu 10A, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 9. maí 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
38. **Laugavegur 73, breyting á deiliskipulagi** (01.174.0) Mál nr. SN190156
Skjalnr. 6357
460715-0320 Fiskistígur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. mars 2019 ásamt bréfi dags. 5. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsbankareits, Reitur 1.174.0, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 9 í 10, inngangur að efri hæðum er færður á Laugaveg, inndráttur á 5. hæð sem snýr að Laugavegi vefur verði málsettur á uppdrætti og heimilt er að búnaður á þaki s.s. lyftuhús og tæknibúnaður fari upp fyrir tilgreindan hámarkskóta, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 23. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Inga Bragadóttir dags. 20. maí 2019. Að loknum athugasemdarfresti bárust athugasemdir frá Stefáni Barða dags. 22. maí 2019 og Þórdísi Jóhannesdóttur, Sigurrós Svavarsdóttur og Guðfinnu Steinunni Svavarsdóttur dags. 22. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

39. **Klettagarðar 8-10, breyting á deiliskipulagi** (01.322.1) Mál nr. SN190059

Skjalnr. 7991

461009-0420 Klettur - sala og þjónusta ehf., Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 29. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 8-10 við Klettagarða. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit fyrir áfanga 2 um 3 metra til norðausturs í átt að lóðarmörkum við Skarfagarða annarsvegur og fá nýjan 60 fm. byggingarreit við norðausturhorn núverandi húsnæðis, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. dags. 14. febrúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 2. maí 2019 til og með 30. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

40. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Korpulína, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN190246

Skjalnr. 5987

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. í apríl 2019 vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Breytingin nær annarsvegur til legu Korpulínu 1 milli tengivirkisins við Geitháls að tengivirki Korpu við Vesturlandsveg og hinsvegur til lítillsháttar breytingar á legu Rauðavatnslínu 1, frá Geithálsi að aðveitustöð við Suðurlandsveg. Kynning stóð til og með 29. maí 2019. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Garðabær dags. 13. maí 2019, Skipulagsstofnun dags. 22. maí 2019, Umhverfisstofnun dags. 31. maí 2019, Mosfellsbæjar dags. 27. maí 2019, Landsnet dags. 28. maí 2019, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 29. maí 2019 og Minjastofnunar Íslands dags. 6. júní 2019.

Vísað til meðferðar deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur.

41. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuh.,** Mál nr. SN180292

Skjalnr. 5987

breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, breytt landnotkun og fjölgun íbúða

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. apríl 2019 fyrir Sjómannaskólareit og Veðurstofuhæð. Í breytingunni felst breytt landnotkun og fjölgun íbúða. Tillagan var kynnt til og með 28. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Íbúafélagið Vinir Saltfiskmóans dags. 27. maí 2019, Lóa Margrét Hauksdóttir dags. 28. maí 2019, Vinir Vatnshólsins, íbúar í Vatnsholti 2, 4 og 6 dags. 28. maí 2019, Eftirtaldar stofnanir sendu umsagnir: Mosfellsbær dags. 13. maí 2019, Garðabær dags. 13. maí 2019 og Veðurstofa Íslands dags. 24. maí 2019.

Vísað til meðferðar deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur.

42. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðsvæði M2c-M2g, Múlar-Suðurlandsb, breyting á aðalskipulagi - heimildir um íbúðarhúsnæði**

Mál nr. SN170741
Skjalnr. 5987

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. desember 2018 fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar- Suðurlandsbraut, er varðar kröfu um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e. Tillagan var auglýst frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

43. **Hringbraut Landsp., Hjólaskýli fyrir starfsfólk NLSH** (01.198.901)

Mál nr. BN056174
Skjalnr. 9942

500810-0410 Nyr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja létt hjólaskýli sem verður Mhl. XX úr stáli klætt hálfgegnisærra plastklæðningu, óeinangrað og óupphitað á lóð Landspítalans við Hringbraut, samkvæmt uppdr. SPITAL dags. 14. febrúar 2019 síðast br. 5. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. maí 2019.

Stærð: 51,7 ferm., 200,6 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:21.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir